

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 7. mars 2016

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, 237. mál.

Samtök atvinnulífsins styðja að frumvarp þetta verði að lögum.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, með síðari breytingum, sem myndi leiða til þess að við uppfærslu reglugerða eða samninga þyrfti að birta uppfærða útgáfu af með áorðnum breytingum

Eins og nú háttar eru upprunalegar útgáfur af reglugerðum birtar á reglugerðasafni Stjórnarráðsins sem stofnreglugerðir og allar síðari breytingar birtar í aðskildum skjölum. Í mörgum tilvikum hefur sömu reglugerðinni verið breytt ítrekað og er því nauðsynlegt að skoða og bera saman fjölmargar breytingarreglugerðir til að komast að niðurstöðu um hvað séu gild stjórnvaldsfyrirmæli hverju sinni.

Yrði umrædd breyting til þess að auðveldi aðgengi að gildandi stjórnvaldsfyrirmælum með áorðnum breytingum og yrðu slíkt fyrirmæli þá aðgengileg í uppfærðri útgáfu með sambærilegum hætti og tíðkast um löggjöf á vef Alþingis, með ákveðnum töfum þó.

Sú eina athugasemd skal gerð að auka mætti hagræði af því að tryggja birtingu á uppfærðum reglugerðum á rafræns reglugerðarsafns stjórnarráðsins (www.reglugerd.is) frekar en að mæla fyrir í lögum um slíka birtingu á vef einstakra ráðuneyta. Yrði þannig enn fremur stuðlað að markmiði frumvarpsins um bætt aðgengi almennra borgara að gildandi reglugerðum án þess að til þurfi að koma þekking á verkaskiptingu ráðuneyti.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Berglora Halldórsdóttir